

# Ungur hann fór til fjalla

## *Páll Arason fór ótroðnar slóðir og skapaði nýja ferðamöguleika bæði innanlands og utan*

Hann byrjar á að afsaka sig fyrir að hafa verið lengi til dyra. Segist ekki vera fimur á fæti, enda ekki við slíku að búast. Varð fyrir nokkrum mánuðum fyrir því óhappi að fótbrotna og er rétt að ná sér á strik aftur – háður hækjunni segir hann. Meðan við erum að spjalla saman þarf hann nokkrum sinnum að ná í gögn og þá er ákafinn og krafturinn svo mikill að hækjan verður jafnvel eftir á miðri leið. Á lífsleiðinni hefur hann ekki verið vanur því að láta hindranir tálma sér för og rétt eins og þegar hann var upp á sitt besta og glímdi við erfiðar þrautir í ferðalögum í óbyggðum lætur hann nú ógróið fótbrotna ekki hinda sig um of.

Tekið er hús á Páli Arasyni í vistlegri íbúð hans við Hafnarstræti á Akureyri. Þar má segja að hann sé kominn heim á fornar slóðir úr langri og fjölbreyttri vegferð því hann er fæddur og uppalinn á Akureyri til 17 ára aldurs. Og honum þykir vænt um bæinn. Segir að þar sé gott að vera og allir hugsi vel um sig. Það eina sem hann kvartar yfir í þeim efnum er að heimsóknum til sín hafi fækkað. Segir að þegar hann var sestur í helgan stein og kom sér fyrir úti í Hörgárdal hafi allt að 300 manns litið við hjá sér á sumrin, gamlir vinir og kunningjar, eða ferðafélagar.

“En það var nú líka vegna þess að það vissu margir að ég átti alltaf 15 sortir af vínnum og veitti vel,” bætir hann við. Dreypur síðan fingrum á stórt hnattlíkan sem hægt er að opna og þjónaði sem bar. “Nú er það búið,” segir hann. “Ég get ekki lengur átt vín, - það sóttu sumir alltof mikið í það og kláruðu úr öllum flöskum. Ég læt mér það nægja núorðið að kaupa eina og eina Camparíflösku – svona fyrir sjálfan mig.”

Þótt Páll Arason sé kominn á tíræðisaldur er lítið lát á honum á flestum sviðum. Allavega mætti margur yngri maðurinn vera stoltur af minni hans og málrómurinn er ákveðinn og styrkur. “Ég þakka fyrir að halda því sem ég hef,” segir hann. “Karlar verða svo skrækir með aldrinum.” Og þegar farið er að spjalla um ferðalög hvort heldur þau voru farin um ótroðnar slóðir í óbyggðum Íslands eða á “átóbönum” útlöndanna, kemur glampi í

augu hans. Hann man flestar sínar ferðir, hvernig þær bar að, hvert var farið og hvenær og jafnvel hverjir voru með í för. Horfir dreyminnum augum út um gluggann þar sem sér yfir Eyjafjörðinn og segir frá, hiklaust og skipulega.

Páll Arason var brautryðjandi í íslenskum ferðamálum í þeirra orða fyllstu merkingar. Ungur var hann þegar hann fyrst fór í óbyggðafærð – í fyrsta sumarfríinu sem hann fékk – og eftir það varð ekki aftur snúið. Eitthvað, sem hann getur ekki einu sinni útskýrt eða lýst sjálfur með orðum, varð til þess að hann heillaðist af óbyggðunum. Þær náðu til hans með töfrum sínum, þögninni, víðáttunni, fegurðinni og það að fara um ókunnar slóðir og gefa öðrum tækifæri á að upplifa það sama og honum fannst mikilsverðast, varð honum ögrun sem ekki var hægt að standast. Hægt væri að birta langan lista yfir bílferðir Páls í óbyggðum Íslands þar sem aldrei hafði verið farið á bíl áður og um leiðir sem taldar voru tæplega hests- eða göngufærar. Reyndar var oft ekki farið hratt yfir og það þurfti útsjónarsemi og þolinmæði til að komast á áfangastað, sem náðist þó nær undantekningarlaust.

## **AKUREYRINGUR AÐ UPPRUNA**

Páll er fæddur á Akureyri 2. júní árið 1915. Foreldrar hans voru Ari Guðmundsson frá Þúfnavöllum og Dýrleif Pálsdóttir frá Möðrufelli. Páll segir að Guðmundur, afi hans, hafi verið stórbóndi og mjög ríkur maður á þeirra tíma mælikvæði og hið sama megi segja um hinn afann, Pál Hallgrímsson bónda að Möðrufelli. En hann bætir því við að þessir forfeður sínir hafi ekki átt barnaláni að fagna. Af tíu börnum afa hans og ömmu í móðurætt lifðu ekki nema fjögur til fullorðinsára. Barnaveikin tók hin og afi og amma í föðurætt áttu átta börn, fimm syni og þrjár dætur og segir Páll að lítið hafi orðið úr þeim, sérstaklega sonunum. “Það hefur löngum farið svo þegar fólk elst upp í allsnæktum að þá verður minna úr því en þegar það þarf að hafa fyrir sínu,” segir hann.

Ari, faðir Páls, var bankaritari í gamla Íslandsbanka á Akureyri. “Hann hafði farið í Gagnfræðaskólann á Akureyri og fengið þar menntun sem kom honum til

góða. Hann var drykkfelldur, tók venjulega túr í heila viku, og var svo næstu viku að jafna sig og vorkenna sér. Þetta gat auðvitað ekki endað nema á einn hátt og hann var rekinn úr bankanum. Þá var það að Hrefna, föðursystir mín, eiginkona Bernharðs Stefánssonar alþingismanns, kom honum í vinnu til Sigurðar Jónssonar í Tóbakseinkasölunni í Reykjavík og þá tókum við okkur upp og fluttum til Reykjavíkur. Þetta gerðist árið 1929. Hjá Tóbaksverslunni var faðir minn svo skrifstofustjóri uns hann hætti vegna aldurs, en hann lét lítt af fyrri háttum og var um of ölkær alla sína ævi.”

Páll segist hafa átt góð æskuár á Akureyri og aldrei hafi verið skortur á heimili hans, þrátt fyrir drykkjusiði föðurins. Hann segir að móðir sín hafi verið dugmikil kona sem m.a. aflaði heimilinu tekna með því að halda saumanámskeið fyrir ungar stúlkur víðs vegar að af landinu.

“Ég var í fimm sumur í sveit hjá afa mínum og ömmu á Þúfnavöllum og fékk þar gott atlæti. Hann var þá búinn að skipta jörðinni milli þriggja sona sinna, en hélt þó sjálfur eftir hluta hennar og hafði nokkurt skepnuhald, þannig að ég var látinn vinna við venjuleg bústörf. Á veturna var ég síðan í skóla á Akureyri, en það átti ekki fyrir mér að liggja að ná árangri á bókina, né leggja fyrir mig nám umfram skyldunámið.”

## **LESBLINDUR EN ATHAFNASAMUR**

Páll segist einfaldlega ekki hafa getað lært að lesa. “Ég er illa lesblindur og kannski var það mitt lán í lífinu. Lestrartregðan varð til þess að ég varð að reyna fyrir mér á öðrum sviðum og athafnasemi varð svar mitt við þessum örðugleikum. Ég lærði snemma að þjálfá minni mitt, því það var það sem ég þurfti að treysta á – ekki bókina. Til þess að koma mér áfram í lífinu þurfti ég að hafa mikið hugmyndaflug og það varð til þess að ég reyndi margt sem engum hafði áður dottið í hug, svo sem að leggja í bílferðir á öræfin og fara með Íslendinga í rútuferðir til útlanda.”

Páll segir að þegar hann var að alast upp á Akureyri hafi verið mikil reisin yfir mannlífinu þar. Þar hafi verið margir frammúrskarandi athafnamenn, sem eftir var tekið og nefnir til

síldarspekúlantana Ásgeir Pétursson, Sigurð Bjarnason, Ingvar Guðjónsson og Ottó Tulinius, auk nokkurra kaupmanna sem áttu heima og ráku verslanir í götunni þar sem hann var alinn upp. Páll segir reyndar að síldarævintýrið hafi farið framhjá sér. Einu afskipti hans af síldinni hafi verið þau að hann hafi farið niður í síldarbátana, sníkt síldar sem hann þræddi upp á spotta og fór með heim til móður sinnar, sem síðan steikti þær í matinn.

“Þegar ég hætti að fara í sveit að Þúfnavöllum, kom móðir mín mér í vinnu í mjólkursamlaginu á Akureyri, sem þá var nýstofnað. Þar var ég sumarið áður en ég fremdist, en síðasta sumarið sem við áttum heima hér nyrðra var ég sendill á símsstöðinni hjá Gunnari Schram.”

Þegar fjölskyldan flutti til Reykjavíkur var kreppan að skella á og aumt atvinnuástand. Páll segist hafa notið tengsla við Garðar Þorsteinsson lögmann og strax fengið vinnu fyrsta sumarið við saltfiskverkun. Vann hann við að breiða fisk á morgnana og taka hann saman á kvöldin. Um haustið fór hann að vinna á verkstæði sem gerði við rit- og reiknivélar auk þess sem hann starfaði sem sendill fyrir lögmannsstofu Garðars. Til þess að nýta tímann sem best lærði hann líka á bíl og tók bílpróf árið 1933.

### **BÍLPRÓFIÐ SKAPAÐI ÝMSA MÖGULEIKA**

“Ég hafði svo sem ekki neinn sérstakan áhuga á bílum og hef í raun alltaf leiðst að aka bíl. Það var einkum tvennt sem réði því að ég dreif í að taka bílprófið. Það skapaði atvinnumöguleika og eins var á þessum tíma hægt að fá leigða bíla í Reykjavík. Þeir kostuðu þá 6 krónur á klukkutímann og eftir að prófið var fengið leigði ég mér stundum bíla og við strákarnir fórum svo suður í Hafnarfjörð eða eitthvað annað og buðum þar ungum dömum í bíltúra. Það þótti mikið ævintýri.”

Páll fékk síðan vinnu sem bílstjóri á Hafnarbílastöðinni. Þar var stopul vinna og tekjurnar litlar. Slíkt “fokk” átti ekki við hann og þegar honum bauðst byggingarvinna norður á Akureyri vorið 1934 var hann ekki seinn á sér að grípa það tækifæri. Tók hann sér far með Gullfossi norður en þegar þangað kom greip hann í tómt. Það hafði átt að byggja nýtt hótél fyrir KEA, en þeim framkvæmdum var frestað. Stóð hann nú uppi nyrðra bæði atvinnu- og auralaus. En þá eins og stundum áður og

oft síðar gekk forsjónin í lið með honum. Kristján Kristjánsson bílakóngur á Akureyri bauð honum bílstjórastarf, sem auðvitað var þegið með þökkum.

“Ég byrjaði á því að aka fólksbíl hjá honum en fljótlega komst Jón Ben. lögreglumaður að því að ég hafði bara minnapróf og fór að skipta sér af mér. Þá setti Kristján mig á vörubíl og honum ók ég um sumarið og var í allskonar flutningum. Vinnudagurinn var oft langur og strangur en ég hafði sémilegt kaup og undi mér hið besta.”

### **Í HVALFIRÐINUM Í POURQUOI-PAS? VEÐRINU**

En leið Pál lá síðan aftur suður, þar sem hann tók meirapróf og gerðist síðan bílstjóri á leigubílastöð Steindórs Einarssonar. Hann lofar Steindór og segir hann hafa verið einn albesta húsbónda sem hann hafi starfað hjá. Hann hafi þó verið strangur við sitt fólk og ekki liðið nein mistök. Það fór líka svo að Steindór rak Pál úr vinnunni og þá brá Páll sér á síld eitt sumar. Var skipverji á vélbátnum Mars frá Hrísey sem gerður var út á reketaveiðar frá Siglufirði. Á leiðinni suður úr Síldinni lenti Páll í mesta voðaveðri sem hann segist nokkru sinni hafa upplifað.

“Óveðrinu verður vart lýst með orðum,” segir hann. “Það lék allt á reiðiskjálfi og stundum hafði maður það á tilfinningunni að bíllinn myndi hjúka langar leiðir. Það vildi til að bílstjórinn var vanur og traustur maður, Gústi frá Hvammstanga. Í Hvalfirðinum gekk sjór nær látlaust yfir bíllinn og Gústi varð að aka í 1. gír – fara nánast fetið. Það varð svo til þess að hann varð bensínlaus áður en við náðum til Reykjavíkur. Ég man að við höfðum á orði að mikið mætti vera ef þessi veðurofsi yrði ekki einhverjum að fjörtjóni. Og það stóð heldur ekki á fréttum af slíku. Í óveðrinu fórst franska rannsóknarskipið Pourquoi-Pas? við Mýrar og aðeins einn maður af 39 manna áhöfn komst af.”

Eftir að suður kom gerðist Páll bílstjóri hjá Litlu bílastöðinni og vann þar þangað til hann fékk vinnu sem sýningarstjóri í Gamla bíói. Leigubílakstur stundaði hann reyndar sem aukavinnu öðru hverju næstu árin, m.a. á stríðsárunum og upplifði þá mörg ævintýri í samskiptum við erlenda hermenn og fylgikonur þeirra. Hann segir að stundum hafi hermennirnir reynt með brögðum að komast hjá því að greiða öflugjaldið. Eitt sinn ók hann um

með hermenn í þrjár klukkustundir og skilaði þeim í bragga sinn í kampinum við Sjómannaskólann. Þeir sögðu honum að bíða – þeir kæmu aftur. Það gerðist hins vegar ekki og ók þá Páll á lögreglustöð Kananna sem var í Kveldúlfshúsinu og fékk lögreglumenn til þess að fara með sér í kampinn.

“Og ég lét þá greiða nákvæmlega tvöfalt gjald – það var máturegt á þá skrattana!”

### **SÝNINGARSTJÓRI Í GAMLA - BÍÓI**

Sá sem orðinn var sýningarstjóri í bíó þótti hafa fast land undir fótum, þótt ekki væri kaupið mikið. Rétt fyrir hernámið hafði Garðar Þorsteinsson keypt bíóið við annan mann af Bíó-Pedersen, sem sá svo eftir sölnunni þegar herinn kom og eftirspurn eftir bíóferðum jókst og vildi rifta henni. En það var ekki til að tala um.

“Fyrir hernámið var bara ein sýning á dag en þegar hermennirnir komu var þeim fjölgað upp í fjórar. Þá þótti mér það asskoti skítt að Garðar vildi ekki hækka við mig kaupið. Lét mig þó hafa það og drýgði tekjurnar með leiguakstri. Það fylgdu líka nokkur hlunnindi því að vera í fastri vinnu og m.a. þau að ég fékk sumarfrí á launum. 1940 notaði ég friðið til að fara norður á Akureyri og þaðan að Mývatni, Ársbyrgi og að Dettifossi. Þetta fannst mér skemmtileg ferð og sumarið eftir ákvað ég að slást í för með Ferðafélagi Akureyrar sem skipulagði hópferð í Herðubreiðarlindir. Ætli ég verði ekki að segja að sú ferð hafi kveikt endanlega þann áhuga á íslenskum öræfum og ferðalögum sem fylgdi mér síðan í áratugi, eða alla þá tíð sem ég hafði möguleika á að ferðast.”

### **FYRSTA FJALLAFERÐIN KVEIKTI BÁLID**

Þessi ferð stendur Páli lifandi fyrir hugskotssjónum. Í hópnum voru um tuttugu manns og þegar komið var í Herðubreiðarlindir fannst sumum ekki nóg að gert. Einhver stakk upp á því að ganga þaðan að Öskju og þaðan í Svartáarkot og láta sækja sig þangað. Þetta var um hundrað kílómetra ferðalag.

“Það varð úr að við lögðum fimm í þetta ferðalag, þrjár stúlkur: Teresía Guðmundsdóttir veðurstofustjóri, Ólína Jónasdóttir handavinnukennari, Sigríður Guðmundsdóttir afgreiðslukona hjá Tímanum, og við tveir karlmenn, ég og Þjóðverjinn doktor Edelstein sellóleikari.

Við fengum mat hjá ferðafélögunum og meðferðis höfðum við líka tveggja manna botnlaust tjald sem við kúrdum í þær fjórar nætur sem við vorum á fjöllum. Þetta var um verslunarmannahelgi en samt fengum við á okkur snjókomu upp við Öskju. En í Svartárkot komumst við á tilsettum tíma og fengum þangað bíl frá Akureyri til að sækja okkur.”

Og nú varð ekki aftur snúið. Í næsta sumarleyfi fór hann í hestaferð norður Sprengisand ásamt Svía, Norðmanni og Þjóðverja. Þegar komið var norður ákváðu þeir að láta ekki staðar numið heldur halda inn í Dyngjufjöll og varð sú ferð ævintýraleg í meira lagi þar sem þeir urðu matarlausir í nærfellt þrjá sólarhringa.

Þegar hér var komið sögu var Páll hættur störfum sem sýningarstjóri í bíó og búinn að kaupa sér vörubíl, Gamla –Ford, og kominn í vinnu með hann hjá Reykjavíkurbæ. Öðru hverju greip hann í leigubílakstur hjá Steindóri, en Páll segist alltaf hafa átt aðgang að því starfi. Þótt Steindór hefði rekið sig hefði hann tekið við sér aftur.

“Ég var mest með stóru Buick – bílana sem Steindór gerði út á þessum tíma,” segir hann. “Og ég fór oft í langferðir með útlendinga sem vildu ferðast um landið, ók t.d. þremur breskum aðalsmönnum, sem voru hér á ferð að Gullfossi, Geysi og á Þingvelli. Helgi frá Brennu var leiðsögumaður þeirra en þeir vildu ekki hafa hann aftur hjá sér. Hann varð að sitja frammí og kalla leiðsögn sína til þeirra. Þeir voru svo stórir upp á sig!”

Páll segir jafnframt að Steindór hafi verið með á hreinu hvaðan bílstjórar hans voru ættaðir og gætt þess að þeir fengju ekki túra á heimaslóðir. Taldi að slíkt gæti valdið töfum. “Ég fékk aldrei túr norður á Akureyri þegar ég ók hjá honu – fékk raunar aldrei að fara norður í land.”

### **BRAUTIRNAR RUDDAR**

Eftir að Páll eignaðist vörubílinn jókst frelsi hans til ferðalaga og það notaði hann hvenær sem færi gafst. Hann minnst þess er hann, ásamt fleirum, fór í fyrsta sinn á bíl upp úr Eyjafirði um Vatnahjallaleið og inn á Öraefin. Þá kom það sér vel að hafa járnkarla, haka, skóflur og talíur með í för því víða þurfti að ryðja stórgrýti úr leið. Netadræsur komu sér líka vel. Þær voru lagðar yfir fúafen og mýrar og héldu bílunum uppi. Þarna og oft var hreinlega um vegagerð að ræða og stundum mjakaðist hægt. Segir

Páll að í umræddri Vatnahjallaferð hafði það t.d. tekið um fjórar klukkustundir að komast um 200 metra leið.

Páll nefnir líka ferð sem hann fór á Snæfell árið 1945, en þangað höfðu þá fáir komið. Hann dregur fram Tímaritið Eimreiðina þar sem ferðasagan er sögð, skreytt fallegum myndum sem Páll hafði tekið.

“Ég var ekki nema átta ára þegar ég fór að taka myndir,” segir hann. “Einn af drykkjufélögum þabba var góður ljósmyndari og sagði mér til. Ég eignaðist snemma kassamyndavél sem ég notaði óspart. Þegar tímar liðu eignaðist ég svo betri vél og á því mjög mikið af myndum úr ferðalögum mínum.”

Á árinu 1945 urðu þau tímamót hjá Páli að hann festi kaup á bifreið af gerðinni Dodge Weapon hjá Sölnunefnd varnarliðseigna. Weapon – bílarnir voru mjög öflugir herbílar með drif á öllum hjólum og komust því yfir allskonar torfærur sem erfiðar voru öðrum bílum. Weaponinn sem Páll eignaðist var með blæjuhúsi, en síðar byggði hann hús á bílinn og breytti honum í fólksflutningabíl. Annan slíkan Weapon – bíl eignaðist Páll síðar og voru þeir uppistaðan í bílaúterð hans í nokkur ár.

### **GRIPID TIL ÝMISSA RÁÐA Í “BILIRÍUM”**

“Weapon – bílarnir voru mjög öflugir,” segir Páll. “En þetta voru auðvitað herbílar og ekki ætlaðir til aksturs á þjóðvegum. Það var varla hægt að aka þeim á meira en 60 kílómetra hraða. Það voru margir sem eignuðust svona bíla og meðal þeirra var Guðmundur Jónasson sem breytti sínum bílum þannig að auðveldara var að aka þeim á þjóðvegum. Ég gerði hliðstæðar breytingar á mínum bílum. Helsti ókosturinn við Weapon – bílana var sá að þeir biluðu oft – þurftu mikikið viðhald og þeir voru líka sannkallaðir bensínhákar.”

Haustið 1945 fór Páll í fimm daga ferð um Dyngjufjallasvæðið. Með honum í för voru fjórir farþegar og var Davíð Stefánsson skáld frá Fagraskógi einn þeirra. Þessi ferð markaði þau tímamót hjá Páli að þá tók hann í fyrsta sinn fargjald af farþegum sínum í örafæferð. Í framhaldinu ákvað hann síðan að bjóða upp á ökuferð suður Sprengisand og fékk einnig fjóra farþega með í ferðina. Hún varð söguleg að því leyti að þegar komið var suður fyrir Fjórðungakvísl og verið var að skrónglast illfæra leið eftir

árfarvegi þá brotnaði stýrisarmur í bílnum. Auðvitað voru engir varahlutir tiltækir og góð ráð því dýr.

“Eins og alltaf hafði ég kaðaltrossur meðferðis og nú var gripið til þess ráðs að binda kaðal í millibilsstöngina og reyna að snúa hjólunum með því að toga í kaðalinn. Ekki gekk það betur en svo að alltaf þegar þurfti að breyta stefnu þurftu menn að fara út og sparka og sparka í dekkinn til þess að komast á rétta stefnu. Auðvitað var snúið við og stefnan sett á Mýri í Bárðardal. Þegar við komum aftur að Fjórðungakvísl þótti mér sýnt að vart yrði komist yfir hana með þessum útbúnaði. Fór ég þá að leita í verkfærakistunni og fann þar T- lykil og var svo heppinn að hann passaði inn í togstöngina. Með því að setja hann þar og vefja kaðla og víra utan um allt saman tókst okkur að halda ferðinni áfram og komast niður að Mýri þar sem ég komst í smiðju og gat lagað stýrisarminn þannig að bíllinn varð ökufer og til Akureyrar komumst við, þótt hægt væri farið.”

Upp frá þessu urðu óbyggðiferðir starfsvettvangur Páls Arasonar um langt skeið. Hann fór víða um, oftast með tiltölulega fámenna hópa, enda Íslendingar ekki komnir upp á bragðið með fjallaferðir. Stundum voru útlendingar í meirhluta farþega í ferðunum en áhugi þeirra fór stöðugt vaxandi og þeim fannst það mikið ævintýri að fara um slóðir þar sem fáir eða engir höfðu farið áður.

### **HEKLUGOSIÐ VAR ANNATÍMI**

Hinn 29. mars 1947 byrjaði eitt mesta Heklugos allra tíma. Strax og fréttist af gosinu hafði Þorsteinn Jósefsson ferðagarpur og blaðamaður samband við Pál og héldu þeir þegar austur á gosslóðirnar. Þetta var fyrsta ferðin af 130 sem Páll fór á Hekluslóðir meðan á gosinu stóð. Aldrei áður hafði hann haft svo mikið að gera og auðvitað varð þetta til þess að bæta fjárhaginn verulega.

“Þótt Hekluferðirnar væru engin stórferðalög bar ýmislegt til tíðinda í þeim,” segir Páll. “Oftast var gist eystra og þar sem erfitt var að treysta á að unnt væri að tjalda fékk ég inni fyrir farþega mína í fjárhúsi að Galtalæk. Heklugosið var gífurlegt sjónarspil sem lét engan ósnortinn sem það sá. Oft var gengið upp að hrauninu en það var engan veginn hættulaust. Ég var þarna eystra haustið 1947 þegar Steinþór Sigurðsson jarðfræðingur fékk á sig glóandi hellu og beið samstundis bana. Hann

var reyndar ekki í för með mér, en ég var fenginn til þess að fara að Galtalæk og reyna að fá læknishjálp. Þeir læknar sem voru næstir svæðinu voru uppteknir og var það ekki fyrr en seint um kvöldið að lækni og sjúkrabíll komu á staðinn. Það breytti engu, þar sem Steinþór hafði látist samstundis.”

Páll segir að yfirleitt hafi Hekluferðirnar gengið vel en minnst þess þó að í einni ferðinni skall á slíkt foraðsveður að það tók hann fjóra sólarhringa að komast frá Næfurholti suður til Reykjavíkur. Var hríðin þá svo dimm að ganga varð á undan bílnum langar leiðir og þegar komið var á Hellsisheiðina þurfti bókstaflega að moka bílinn áfram.

### **LEIGDI BÍLA FREMUR EN ÁTTI**

Aðsókn að fjallaferðum Páls Arasonar hélt stöðugt áfram að aukast. Hann fór með ferðahópa vítt og breitt um landið og yfir sumartímamannannaði hann vart eftirspur. Stundum var á annað hundrað manns í ferðunum og þurfti því góða skipulagningu til þess að allt gengi vel fyrir sig.

“Ég átti sjálfur bara tvo bíla – Weaponana. Hafði ekki áhuga á að koma mér upp rútbílaútgærd heldur leigði ég bíla til ferðanna. Á þessum árum kostaði það 3000 krónur á dag að leigja rútu og var þá innifalinn 200 kílómetra akstur. Ég sá fljótt að það borgaði sig fyrir mig að leigja bíla fremur en að eiga þá og gera út. Var asskoti séður, þótt ég segi sjálfur frá, því auðvitað fékk ég “kommisjón” hjá rúteigendunum og borgaði því ekki nema 2700 fyrir daginn.”

### **GLETTUR VIÐ GUDMUNDARFÓLK**

Á þeim árum sem umsvifin voru mest hjá Páli Arasyni voru hann og Guðmundur Jónasson nánast þeir einu sem gerðu út leiðangra í fjalla- og óbyggðafeðir. Páll segir að það hafi verið góðlátleg samkeppni milli þeirra, sem einkum hafi komið fram í ferðum í Örafasveit en báðir buðu þeir upp á slíkar hópferðir um páska og nutu þær mikilla vinsælda. Páll minnst slíkrar ferðar sem farin var um páskana 1957.

“Við lögðum af stað austur á skírdagsmorgun, ég með minn hóp og Guðmundur með sinn og báðir höfðum við Kirkjubæjarklaustur sem fyrsta áfangastað. Ég fékk pláss á sláturhúsoftinu fyrir minn hóp, en hópur Guðmundar gisti í félagsheimilinu á staðnum. Nú hefur það alltaf fylgt mér að vakna snemma á

morguna og svo var að þessu sinni. Ég fór á stjá um fimmleytið og hitaði kaffi og kakó handa fólkinu mínu. Síðan var lagt af stað austur yfir Skeiðarársand og þegar við fórum framhjá félagsheimilinu var Guðmundarfólkið að koma sér á lappir. Karlarnir stóðu út undir vegg og pissuðu.

Við ókum síðan sem leið lá að Núpsstað þar sem Hannes vatnagarpur tók á móti okkur og sýndi okkur staðinn. Síðan var haldið áfram og gekk ferðin vel þar sem lítið var í ánum, allt austur að Súlu. Vorum við að búa bíla okkar til ferðar yfir ána þegar við sáum að bílarnir hans Guðmundar náguðust og fóru mikinn. Drifum við okkur þá af stað og varð úr hálfgerð kappkeypsla austur að Skeiðará. Þar hagaði svo til að í bakkanum hinum megin árinna var skarð og um það var eina akfæra leiðin upp úr ánni. Guðmundur skelli sér út í ána en þegar hann var kominn í skarðið bílaði hjá honum bensíndæla og allt sat fast. Vildum við að hann reyndi að færa bílinn þannig að við kæmumst yfir en við það var ekki komandi. Urðum við að bíða meðan gert var við bílinn en síðan hélt öll hersingin af stað og urðu bílar Guðmundar á undan okkur að sæluhúsinu á Skeiðarársandi þar sem skráð var rækilega í gestabók að þar hefði Guðmundur komið fyrstur. En við létum krók koma á móti bragði. Þegar komið var austur í Örafí fór Guðmundur með sitt fólk inn í Bæjarstaðaskóg, en við héldum að Skaftafelli þar sem skrifað var í gestabók staðarins: “Fyrsti ferðamannahópur sem kemur á bíl frá Reykjavík austur yfir Skeiðarársand að Skaftafelli er á vegum Ferðaskrifstofu Páls Arasonar.”

Eitthvað fór þetta í taugarnar á Guðmundi og farþegum hans, því þegar við vorum í Hrífunesbrekkunum á leiðinni heim hagaði svo til að þar var töluverður nýfallinn blautur snjór. Bílar Guðmundar voru á undan og höfðu farþegar hans haft fyrir því að hlaða einskonar snjóvirki á brekkubrúnina. Ég setti bara í framdrif, lét vaða á “virkið” og fór auðveldlega í gegn. Um leið og ég gerði það dundi mikil snjóboltahríð á bílnum hjá mér. Ég var með niðurskrúfaða rúðu og vildi svo illa til að snjóbolti, sem vafalaust var mér ætlaður, fór í andlit konu sem sat fyrir aftan mig. Sem betur fer varð þó ekki skaði af því.”

### **REKSTUR FERÐASKRIFSTOFU**

Þegar umsvifin voru mest hjá Páli hafði hann opna skrifstofu í Reykjavík og gaf út upplýsingabæklinga um ferðir sínar á

nokkrum tungumálum.

“Það var árið 1956 sem ég opnaði skrifstofu, Ferðaskrifstofu Páls Arasonar, að Hafnarstræti 8 í Reykjavík. Ég ætlaði að fá fjársterka aðila í Reykjavík til þess að standa að þessu með mér en við náðum ekki saman og úr varð að ég opnaði ferðaskrifstofuna og smáværslun á sama stað og rak á eigin spýtur í nokkur ár. Þarna í Hafnarstræti 8 höfðu þeir félagar Kristján Kristjánsson, KK, og Svavar Gests rekið hljóðfærslun sem ekki gekk sem skyldi. Fékk ég húsnæðið á bærilægum kjörum og réð til mín mann til að annast rekstur skrifstofunnar. Sjálfur kom ég þar lítið nærri. Vildi miklu fremur vera í ferðalögum, bæði sem bílstjóri og leiðsögumaður. Umsvifin voru orðin mikil og sóttu erlendir ferðamenn mikið til okkar, ekki síst Þjóðverjar. Þegar hér var komið sögu var ég skilinn við eiginkonu mína og tekinn saman við þýska hjúkrunarkonu, Hannelore Wagner, sem vann að ferðamálunum með mér.”

Sína fyrstu utanlandsferð með farþega fór Páll Arason árið 1954. Hann segir svo frá tildrögum þeirrar ferðar:

“Árið 1953 ákváðum við Hannelore að bregða undir okkur betri fætinum og halda í ferðalag til Evrópu. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér ferðamál og ferðamáta ytra, svo og ýmsa þjónustu við ferðamenn. Við fórum með Gullfossi, tókum land í Skotlandi og héldum þaðan suður á bóginn. Vorum 12 daga í Bretlandi en héldum þaðan til Frakklands. Þar máttum við ekki stoppa nema í fjóra daga vegna þess að Hannelore var með þýskt vegabréf og svo stutt frá stríðslokum að Þjóðverjar voru ekki vel séðir í Frakklandi. Ferðalagið hélt síðan áfram um Þýskaland og Ítalíu. Ég heimsótti nokkrar ferðaskrifstofur og reyndi að ná samningum við þær, en heldur gekk það brösulega.

### **MEÐ KOKK, PRÍMUS OG SALTÞISK Í FYRSTU FERÐINNI**

En í framhaldi af þessari ferð okkar ákvað ég að auglýsa ferð til Evrópu árið eftir og fékk hún strax góðan hljómgrunn. Var bíllinn, annar Weapoinn, sem kallaður var Pálína fullskipaður, en hann tók fjórtán manns í sæti. Ég man eftir því að þegar verið var að skipa honum um borð í Brúarfoss í Reykjavík komu menn til mín og skömmuðu mig fyrir hvað bíllinn væri illa útlítandi og sögðu að hann myndi vekja athygli fyrir slíkt ytra. Ég var nú ekki á því, - vissi sem var að þúsundir slíkra bíla voru í

notkun í Evrópu.

Til þess að komast í svona ferð þurfti ýmis leyfi, m.a. fyrir gjaldeyri. Það háði mér ekki þar sem ég hafði haft erlenda farþega sem borguðu mér í “valútu”. Hins vegar þótti sjálfsagt að hafa vaðið fyrir neðan sig og ég hafði með mér kokk í ferðina og mikið af íslenskum matvælum, helst þeim sem hægt var að geyma óskemmd í langan tíma. Þar kom saltfiskurinn að góðum notum. Var eldað á prímus. Skemmst er frá því að segja að ferðin, sem stóð í tvo mánuði, heppnaðist með miklum ágætum. Víðast bjuggum við í tjöldum, en fyrir kom, sérstaklega þegar við heimsóttum stórborgirnar, að búíð var á hótelum.

Það þótti dálítið djarft hjá mér að ætla að aka sjálfur alla þessa löngu leið, - maður sem var óvanur öðrum vegum en íslenskum þjóðvegum og öræfaslóðum. En allt gekk eins og í sögu. Einu erfiðleikarnir sem ég lenti í var þegar komið var yfir Ermasundið og til Frakklands. Hægri umferð var eitthvað sem ég hafði ekki kynnst áður. En það var bara einu sinni sem ég gleymdi mér smástund og kom það ekki að sök.

Ekið var um Frakkland og til Ítalíu þar sem við vorum í marga daga, m.a. í Róm. Þaðan var haldið til Napolí og kom þá að því í eina skiptið í ferðinni að ég villtist. Ætlaði ég að aka með ströndinni en fór í þess stað fjallveginn milli þessara borga. Eftirá voru allir sammála um að sú villa hefði komið okkur til góða, því þá ókum við um gifurlega fallett og sögufrægt svæði – svæði sem hvað hörðust átök urðu um í seinni heimsstyrjöldinni.

Auðvitað lentum við í smáævintýrum og uppákomum sem alltafleystust á farsælan hátt. Í eina skiptið sem urðu læti þá var það út af jafn ómerkilegum hlut og salamípylsu. Við vorum þá stödd í litlu þorpi og ein konan í hópnum brá sér í búð og keypti slíka pylsu. Borgaði hún það verð sem upp var sett, en þegar við vorum að leggja af stað kom afgreiðslumaðurinn með miklum látum og var auðséð á fasi hans að hann taldi að á sér hefði verið svindlað. Upphófst þref þar sem hvorugur skyldi hvað hinn var að segja. Á skammri stundu flykktist svo fólk að bílnum, allir þorpsbúar liggur mér við að segja, og viðhöfðu dómadagslæti. Bílinn var laminn að utan og ekki nokkur leið að komast af stað þar sem fólkíð tók sér stöðu fyrir framan bílinn.

Þaðvildi okkur til að eftir litlastund kom bíll aðvífandi og var þar á ferð liðsforingi í ítalska hernum og skyldi hann þýsku.

Hann sagði okkur að skynsamlegast væri að greiða kaupmanninum eitthvað meira fyrir pylsuna góðu, þannig að við gætum farið frjáls ferða okkar. Var sæst á að greiða 500 lírur í viðbót. Varð þá kaupmaðurinn sæll með sitt, mannsöfnuðurinn leystist upp og við gátum haldið leiðar okkar.”

Frá Ítalíu var síðan haldið um Þýskaland til Danmerkur þar sem Pálínu var skipað um borð í Gullfoss og haldið heim á leið. Slíkar ferðir endurtók Páll í nokkur ár og tókust þær alltaf með ágætum. Síðustu árin hafði hann samvinnu við Ferðaskrifstofu Bennys í Kaupmannahöfn og höfðu bílarnir þá samflot, sömu staðir voru heimsóttir og gist á sömu hótelum. Þótt ferðamatinn væri í sjálfu sér líkur og í fyrstu ferðinni urðu þó smátt og smátt breytingar, m.a. á eldamennskunni. Fyrst var komið fyrir smáeldhúsi í bílnum og farið að elda á gaseldavél, en þegar tímar liðu var hætt með eldamennskuna og farið að nota veitingahús og hótél. Ekki hafði Páll kokk með sér nema í fyrstu ferðinni, eftir það sá Hannelore um eldamennskuna. Segir Páll að hún hafi reynst sér og ferðalöngunum ómetanleg í þessum ferðalögum, ekki síst vegna tungumálakunnáttu sinnar og frammistaða hennar orðið til þess að fólk nauð ferðanna betur en ella og átti möguleika á að sækja ýmsa viðburði á ferðamannastöðunum, sem ella hefðu líklega farið fram hjá þeim.

### **BREYTTIR FERÐATÍMAR**

Páll segir að þegar leið á sjöunda áratuginn hafi hann farið að draga saman seglin. Hann hafi farið að vinna í Hampiðjunni á veturna en á sumrin hafi hann farið með þýska ferðahópa um landið.

“Á þessum tíma var orðin töluverð breyting á ferðavenjum Íslendinga og áhugi á hópferðalögum minni en verið hafði. Búíð var að ryðja vegi eða akfæra slóða til margra helstu ferðamannastaðanna og aukin jeppaeign skapaði fólki möguleika á að ferðast á eigin vegum. Það var orðið hálfgeirt hark að fá nógu stóra hópa Íslendinga til þess að ferðirnar borguðu sig. Ég ákvað því að sinna eingöngu þýsku ferðamönnum og gerði það í nokkur ár. Þegar ég hætti svo endanlega ferðaútgerðinni kom ég þýsku ferðamönnum til annars aðila og fékk prósentu fyrir.”

Það var árið 1966 sem Páll Arason hætti ferðaþjónustu sinni. Þá um vorið fótbrotnaði hann illa og þurfti að liggja á sjúkrahúsi meginhluta sumarsins.

“Eftir það var eiginlega sjálfgeirt að segja að nú væri nóg komið eftir 20 ára stanslaust flakk með aðra um Ísland og önnur lönd. Nú var kominn tími til þess að ég færi að sjá mig víðar um og ár eftir ár fór ég alltaf í a.m.k. eina skemmtiferð til útlanda á ári, oftast með Gullfossi, þótt fyrir kæmi að ég flygi.”

### **FÓLKÍÐ SKIPTI MESTU MÁLI**

Þegar Páll Arason er að lokum beðinn að nefna til þau atvik sem eftirminnilegust séu frá ferðatíð hans, þá vefst honum tunga um tönn. Minnisstæðar ferðir eru margar, slarkið sem hægt er að segja frá svo margbreytilegt að erfitt er að nefna eitt framar öðru.

“Ætli það sé ekki fremur fólkíð sem ég kynntist og ferðaðist með mér sem er minnisstæðara en einstakar ferðir,” segir hann svo eftir stundarþögn. “Það var nú þannig að þeir sem einu sinni fóru með mér í ferð héldu tryggð við mig og komu aftur og aftur. Kannski sást þetta hvað best á skemmtikvöldum sem efnt var til á veturna. Þangað komu jafnvel flestir sem höfðu ferðast með mér. Það var satt að segja afar fátítt að með mér ferðaðist fólk sem var þungt og til leiðinda og yfirleitt ríkti glöðværd í öllum mínum ferðum. Þótt það væri aðalatriðið að fara um og kynnst nýjum slóðum, njóta töfra bæði okkar lands og annarra, þá er það nú alltaf svo að maður er manns gaman, og þegar horft er yfir sviðið held ég að það standi upp úr bæði hjá mér og farþegum mínum.” ❄